

Nd. 104. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 40 millj. króna“ í 2. mgr. 27. gr. laganna komi: allt að 48 millj. króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgönguráðherra hefur tjáð mér, að af gildandi lántökuheimild Ferðamálasjóðs, sem nemi 40 milljónum króna, hafi nú verið notaðar 36 milljónir króna. Til viðbótar þeim sé gert ráð fyrir 12 milljón króna lántöku Ferðamálasjóðs á þessu ári frá Framkvæmdasjóði Íslands. Þurfi sjóðurinn nú á þessu lánsfé að halda til endurlána.

Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að hækka lántökuheimild Ferðamálasjóðs.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 40 millj. króna“ í 2. mgr. 27. gr. laganna komi: allt að 48 millj. króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.